# Íslenskir aðalverktakar hf.

Ársreikningur samstæðu

# 2007

Íslenskir aðalverktakar hf.
Keflavíkurflugvelli
235 Keflavíkurflugvöllur
kt. 660169-2379

# Íslenskir aðalverktakar hf.

## Ársreikningur samstæðu

# 2007

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðra endurskoðenda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um eigið fé | 6 |
| Yfirlit sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-21 |

# Áritun óháðra endurskoðenda

**Til stjórnar og hluthafa í Íslenskum aðalverktökum hf.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Íslenskra aðalverktaka hf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á eigin fé félagsins, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Kópavogi, 31. mars 2008

Deloitte hf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Íslenskra aðalverktaka hf. fyrir árið 2007 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og er það fyrsta árið sem félagið birtir reikningsskil sín með þeim hætti. Ársreikningar undanfarina ára hafa verið gerðir í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Áhrif upptöku alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á eigið fé félagins eru þau að bókfært eigið fé í árslok 2006 lækkar um 74 millj. kr., sjá nánar skýringar í ársreikningnum.

Hagnaður Íslenskra aðalverktaka hf. og dótturfélaga þess á árinu 2007 var 429 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 9.512 millj.kr., bókfært eigið fé í árslok er kr. 3.063 millj.kr. og er eiginfjárhlutfall samstæðunnar 32%.

Í lok ársins voru tveir hluthafar í félaginu eins og í upphafi árs, þar af eru Drög ehf., með um 100% hlut.

Að áliti stjórnar og forstjóra Íslenskra aðalverktaka hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstjóri Íslenskra aðalverktaka hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2008

## Í stjórn

Stefán Friðfinnsson
stjórnarformaður

Gunnar Sverrisson

Karl Þráinsson

## Forstjóri

Gunnar Sverrisson

# Rekstrarreikningur ársins 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| Tekjur verkframkvæmda | | 15.588.539 | 13.353.296 |
| Kostnaður verkframkvæmda | | (13.886.281) | (11.692.869) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (631.150) | (483.387) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) | | 1.071.109 | 1.177.040 |
| Afskriftir | | (323.594) | (242.549) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 747.515 | 934.491 |
| Fjármunatekjur | 4 | 78.483 | 220.593 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (299.048) | (453.001) |
| Hagnaður fyrir skatta | | 526.951 | 702.083 |
| Tekjuskattur | 6 | (97.499) | (124.421) |
| **Hagnaður ársins** | | 429.451 | 577.662 |
| **Skipting hagnaðar** | | | |
| Hagnaður móðurfélags | | 410.441 | 563.734 |
| Hagnaður minnihlutaeigenda | | 19.011 | 13.929 |
| | | 429.451 | 577.662 |
| Hagnaður á hverja krónu útistandandi hlutafjár | | 0,32 | 0,44 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2007

| Eignir | Skýr. | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og byggingarlönd | 7 | 1.911.837 | 1.281.491 |
| Viðskiptavild | 9 | 43.187 | 0 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur | 10 | 53.047 | 32.056 |
| | | 2.008.070 | 1.313.547 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir og byggingarframkvæmdir | 11 | 2.712.996 | 2.186.189 |
| Viðskiptakröfur og kaupsamningar | 12 | 4.140.616 | 4.519.951 |
| Aðrar skammtímakröfur | 12 | 494.514 | 229.924 |
| Handbært fé | 12 | 155.522 | 321.809 |
| | | 7.503.649 | 7.257.874 |
| **Eignir** | | 9.511.719 | 8.571.421 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 13 | | |
| Hlutafé | | 1.322.797 | 1.322.797 |
| Lögbundinn varasjóður | | 350.000 | 350.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.304.288 | 893.848 |
| Eigið fé meirihlutaeigenda | | 2.977.085 | 2.566.644 |
| Hlutdeild minnihluta | | 85.451 | 19.734 |
| Eigið fé | | 3.062.536 | 2.586.378 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 14 | 153.771 | 41.636 |
| Aðrar langtímaskuldir | 14 | 0 | 1.762.136 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 15 | 161.460 | 0 |
| Lífeyrisskuldbinding | 16 | 32.378 | 39.926 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 17 | 642.448 | 555.051 |
| | | 990.058 | 2.398.749 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 1.673.965 | 984.322 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 1.944.318 | 19.677 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 6 | 33.153 | 40.038 |
| Óloknar verkframkvæmdir v/kaupsamninga | | 342.426 | 989.221 |
| Byggingarframkvæmdir tilboðsverk | | 609.793 | 641.049 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 18 | 855.469 | 911.987 |
| | | 5.459.125 | 3.586.294 |
| Skuldir | | 6.449.183 | 5.985.043 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 9.511.719 | 8.571.421 |

# Yfirlit yfir breytingar á eigin fé félagsins

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2006 | 1.323.297 | 350.000 | 1.189.613 | 2.862.910 |
| Upptaka alþjóðlegra staðla | | | (105.236) | (105.236) |
| Leiðrétt eigið fé 1.1.2006 | 1.323.297 | 350.000 | 1.084.377 | 2.757.674 |
| Greiddur arður | | | (950.000) | (950.000) |
| Yfirfært vegna skiptingar | (500) | | 195.737 | 195.237 |
| Hagnaður ársins 2006 | | | 563.734 | 563.734 |
| **Eigið fé 31.12.2006** | 1.322.797 | 350.000 | 893.848 | 2.566.644 |
| Hagnaður ársins 2007 | | | 410.441 | 410.441 |
| **Eigið fé 31.12.2007** | 1.322.797 | 350.000 | 1.304.288 | 2.977.085 |

## Eigið fé minnihlutaeigenda

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 19.734 | 5.805 |
| Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum | 46.707 | 0 |
| Hlutdeild á hagnaði árins | 19.011 | 13.929 |
| | 85.451 | 19.734 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður ársins | | 429.451 | 577.662 |
| Afskriftir | | 323.594 | 242.549 |
| Verðbætur og gengismunur langtímaskulda | | 124.664 | 46.728 |
| Söluhagnaður eigna | | (37.358) | (51.904) |
| Skuldbindingar, matsbreytingar og aðrar breytingar | | 66.045 | 93.262 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 906.396 | 908.297 |
| Skammtímakröfur og birgðir, lækkun (hækkun) | | 68.109 | (1.815.166) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | (203.649) | 1.395.900 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 770.856 | 489.032 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum | | (700.990) | (524.725) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 162.253 | 331.126 |
| Keyptir eignarhlutir í tengdum félögum | | (87.753) | (3.890) |
| Keyptir eignarhlutir í öðrum félögum | | (15.888) | (10.436) |
| Markaðsverðbréf og aðrar kröfur, breyting | | (286.902) | 272.469 |
| | | (929.279) | 64.543 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 45.935 | 2.000.000 |
| Afborganir langtímaskulda | | (60.780) | (1.409.087) |
| Greiddur arður | | 0 | (950.000) |
| Skammtímalán, hækkun (lækkun) | | 6.981 | (70.828) |
| | | (7.864) | (429.914) |
| (Lækkun) hækkun handbærs fjár | | (166.287) | 123.661 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 321.809 | 198.148 |
| Handbært fé í árslok | | 155.522 | 321.809 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Íslenskir aðalverktakar hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Íslenskir aðalverktakar hf. er eitt stærsta verktakafyrirtæki landsins, félagið er þátttakandi á öllum sviðum byggingaiðnaðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, opinberar byggingar, mannvirkjagerð, jarðvinnu eða gatnagerð, bæði hvað varðar fjármögnun og framkvæmdir. Hluti starfseminnar er á sviði eigin framkvæmda og nýsköpunar.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Þetta er fyrsti árið sem Íslenskir aðalverktakar hf. birta reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaða. Farið var eftir fyrirmælum IFRS 1, við innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna. Upplýsingar um áhrif breytinga við innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu og afkomu samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 22 og hefur samanburðarfjárhæðum þar sem við á verið breytt til samræmis. Framsetning ársreikningins breytist hins vegar ekkert fyrir utan að tveggja ára eiginfjáryfirlit er sýnt sérstaklega á bls. 6 í ársreikningnum.

### Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir

Á þessu ári hafa Íslenskir aðalverktakar hf. innleitt staðalinn IFRS 7 Fjármálagerningar: Skýringar, sem er virkur fyrir ársuppgjör sem byrja á eða eftir 1 janúar 2007, ásamt breytingum á IAS 1 Framsetning reikningsskila.

Áhrif af innleiðingu IFRS 7 og breytingum á IAS 1 eru auknar kvaðir um veitingu upplýsinga um áhrif fjármálagerninga félagsins og þá áhættu sem þeim tengist, ásamt upplýsingum um fjármagnsuppbyggingu félagsins.

Fjórar túlkanir gefnar út af alþjóðlegu fastanefndinni um túlkanir (IFRIC) urðu virkar á núverandi reikningsskilatímabili. Það eru IFRIC 7 Beiting endurmatsaðferðar samkvæmt IAS 29, Reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir, IFRIC 8 Gildissvið IFRS 2, IFRIC 9, Endurmat innbyggðra afleiða og IFRIC 10, Árshlutauppgjör og virðisrýrnun. Innleiðing þessara túlkana hefur ekki leitt til neinna breytinga í reikningsskilum félagsins.

Við samþykkt þessa ársreiknings hafa eftirfarandi staðlar verið samþykktir en ekki tekið gildi:

IAS 23 - (endurbættur) Lántökukostnaður (virkur fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar)
IFRS 8 - Starfsþáttaryfirlit (virkur fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar)

Við samþykkt þessa ársreiknings hefur IFRIC samþykkt eftirfarandi túlkanir, en þær hafa ekki tekið gildi.

IFRIC 11 - IFRS 2: Samstæða og eignarhlutatengdar greiðslur (tekur gildi 1. mars 2007)
IFRIC 12 - Ívilnanir frá opinberum aðilum vegna þjónustusamninga (tekur gildi 1. janúar 2008)
IFRIC 13 - Tryggðarkerfi viðskiptavina (tekur gildi 1. júlí 2008)
IFRIC 14 - IAS 19, Takmörkunin á réttindatengdum eignum og kvaðir um lágmarksfjármögnun (tekur gildi 1. janúar 2008)

Stjórnendur gera ráð fyrir að innleiðing ofangreindra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á reikningsskil félagsins á því tímabili sem innleiðing þeirra á sér stað.

### Grundvöllur reikningsskilanna

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur í samræmi við alþjóðlega reikningsskila að gefa sér forsendur og framkvæma ýmis möt sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld ársins. Raunveruleg verðmæti kunna að vera með öðrum hætti en mat stjórnenda.

Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir birtar í þúsundum. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Breyting á framsetningu ársreiknings.

Vegna kaupa samstæðunnar á dótturfélagi á árinu 2007 er hlutdeild minnihluta í afkomu og eigin fé í fyrsta skipti sýnd sérstaklega í ársreikningnum og er samanburðartölum fyrra árs breytt til samræmis, við það hækkar hagnaður ársins 2006 úr kr. 564 milljónum króna í kr. 578 milljónir króna.

### Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á tímabilinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

### Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast í samstæðunni er vegna mismunar á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavild er færð til eignar og metin með tilliti til virðisrýrnunar á reikningsskiladegi. Við mat á virðisrýrnun er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Við núvirðisútreikning er notuð vaxtaprósenta sem samsvarar vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar, þ.e. kostnaður skulda og eigin fjár að teknu tilliti til skatta. Ef gangvirði viðskiptavildar (núvirt vænt fjárstreymi) reynist lægra en bókfært verð er mismunurinn færður til gjalda.

### Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### Skráning tekna

Tekjur og gjöld af verktakastarfsemi vegna samningsbundinna verkframkvæmda eru innleyst í rekstrareikningi miðað við framvindu verkframkvæmda.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Verktakasamningar

Þegar hægt er að áætla útkomu verktakasamnings með traustum hætti, eru tekjur og gjöld skráð með tilvísun til framkvæmdastigs samkvæmt samningnum á færsludegi efnahagsreiknings. Þetta svarar til reiknaðs hlutfalls áfallins kostnaðar vegna vinnu samkvæmt ákvæðum samningsins fram að þeim tíma, miðað við áætlaðan heildarkostnað við efndir á samningnum. Breytingar á verkþáttum samkvæmt verktakasamningi, kröfur um bætur og bónusgreiðslur, eru færðar að svo miklu leyti sem samið hefur verið um þær við viðskiptavin.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Þegar ekki er hægt að áætla útkomu verktakasamnings á traustan hátt eru tekjur af samningnum skráðar, að svo miklu leyti sem áfallinn kostnaður vegna samningsins samsvarar því sem líkur eru á að fáist greitt. Kostnaður vegna samnings er skráður sem gjöld á því tímabili sem hann er tilkominn.

Þegar líklegt er að heildarkostnaður samnings fari yfir heildartekjur hans, er strax litið á væntanlegt tap sem kostnað.

### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigutaka. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjámuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.
Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er farið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna og metið hvort vísbending sé um eignir hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Komi fram slík vísbending er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnunin er (sé um slíkt að ræða). Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir. Viðskiptavild er metin a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð. Þetta á þó ekki við um viðskiptavild, virðisrýrnun vegna viðskiptavildar er aldrei bakfærð.

### Áhættufjármunir og langtímakröfur

Eignarhlutir í óskráðum félögum eru eignfærðir á upphaflegu kaupverði.

Skuldabréfaeign er færð á nafnverði að teknu tilliti til verðbóta og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Vörubirgðir og byggingarframkvæmdir

Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Efnisbirgðir eru metnar á dagverði. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

Eigin byggingarframkvæmdir eru metnar á kostnaðarverði en byggingarframkvæmdir tilboðsverka eru metnar miðað við söluverð að teknu tilliti til framgangs þeirra.

### Viðskiptakröfur, kaupsamningar og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur, kaupsamningar og aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Launamál

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Laun | 3.275.346.549 | 2.577.425.995 |
| Lífeyrissjóður | 299.127.969 | 216.468.745 |
| Launatengd gjöld | 231.796.242 | 195.667.189 |
| | 3.806.270.760 | 2.989.561.929 |
| Meðalfjöldi starfa | 668 | 554 |

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda félagsins námu 219 millj.kr. á árinu 2007.

## 4. Fjármunatekjur

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur | 78.483.382 | 220.593.304 |
| | 78.483.382 | 220.593.304 |

## 5. Fjármagnsgjöld

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | (299.047.528) | (453.001.430) |
| | (299.047.528) | (453.001.430) |

## 6. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 98 millj.kr. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2008 nemur 24 millj.kr.

| **Útleiðsla á virku skatthlutfalli:** | 2007 | | 2006 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir skatta | 526.950.833 | | 702.083.052 | |
| Skatthlutfall, 18% | 94.851.150 | 18,0% | 126.374.949 | 18,0% |
| Skattinneign frá fyrra ári óuppfærð | 0 | 0,0% | (1.303.544) | -0,2% |
| Tekjuskattur frá fyrra ári | 0 | 0,0% | 2.639.535 | 0,4% |
| Aðrir liðir | 2.648.348 | 0,5% | (3.290.228) | -0,5% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | 97.499.498 | 18,5% | 124.420.712 | 17,7% |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir og byggingarlönd | Vinnuvélar og tæki | Aðrir rekstrar-fjármunir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 299.174.989 | 2.485.998.377 | 179.590.655 | 2.964.764.021 |
| Viðbót vegna kaupa á dótturfélögum | 137.815.210 | 370.924.495 | | 508.739.705 |
| Eignfært á árinu | 22.400.000 | 623.121.611 | 55.467.892 | 700.989.503 |
| Selt og aflagt á árinu | 0 | (404.420.725) | (12.431.563) | (416.852.288) |
| Staða í árslok | 459.390.199 | 3.075.623.758 | 222.626.984 | 3.757.640.941 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 126.946.359 | 1.420.264.223 | 136.062.604 | 1.683.273.186 |
| Viðbót vegna kaupa á dótturfélögum | 5.008.199 | 125.886.697 | 0 | 130.894.896 |
| Afskrift og aflagt á árinu | 11.084.612 | 296.877.312 | 15.631.875 | 323.593.799 |
| Selt og aflagt á árinu | 0 | (279.526.103) | (12.431.563) | (291.957.666) |
| Staða í árslok | 143.039.170 | 1.563.502.129 | 139.262.916 | 1.845.804.215 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 172.228.630 | 1.065.734.154 | 43.528.051 | 1.281.490.835 |
| Bókfært verð í árslok | 316.351.029 | 1.512.121.629 | 83.364.068 | 1.911.836.726 |
| Afskriftarhlutföll | 0-6% | 10-35% | 15-25% | |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins greinist þannig 1. janúar 2008:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir án byggingarlanda | 231.920.000 | 294.524.000 |
| Vélar og tæki, eignatryggingar | | 2.070.334.000 |
| Verktakatrygging | | 22.858.000.000 |

## 8. Kaup á dótturfélagi

Samstæðan keypti í júlí 51% eignarhluta í Eignarhaldsfélaginu Nesprýði ehf.. Bókfært verð eigna og skulda Eignarhaldsfélagins Nesprýði ehf. var endurmetið í gangverð á kaupdegi og er það sem ekki var úthlutað eignfærð sem keypt viðskiptavild að fjárhæð 43 millj.kr. meðal fastafjármuna.

## 9. Viðskiptavild

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 0 | 0 |
| Eignfært á árinu | 43.186.828 | 0 |
| Virðisrýrnun | 0 | 0 |
| Bókfært verð í árslok | 43.186.828 | 0 |

## 10. Áhættufjármunir og langtímakröfur

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 43.376.702 | 19.485.630 |
| Skuldabréfaeign | 9.669.975 | 12.570.748 |
| | 53.046.677 | 32.056.378 |

## 11. Vörubirgðir og byggingaframkvæmdir

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Efnis- og vörubirgðir | 94.323.898 | 48.479.508 |
| Eigin byggingarframkvæmdir | 2.118.111.351 | 1.741.012.761 |
| Byggingarframkvæmdir, tilboðsverk | 500.561.201 | 396.696.937 |
| | 2.712.996.450 | 2.186.189.206 |

## 12. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur og kaupsamningar**

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur vegna kaupsamninga | 1.612.993.798 | 1.252.106.186 |
| Viðskiptakröfur á tengd félög | 828.564.139 | 1.337.162.039 |
| Aðrar viðskiptakröfur | 1.851.057.634 | 2.065.683.242 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (152.000.000) | (135.000.000) |
| | 4.140.615.571 | 4.519.951.467 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Kröfur á tengd félög | 382.383.707 | 162.794.613 |
| Aðrar kröfur | 112.130.657 | 67.128.903 |
| | 494.514.364 | 229.923.516 |

**Handbært fé**

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Bankainnistæður og verðbréf í íslenskum krónum | 148.634.628 | 314.032.172 |
| Bankainnistæður í erlendri mynt | 6.887.626 | 7.777.172 |
| | 155.522.254 | 321.809.344 |

## 13. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

| | Hlutir | Hlutfall | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Heildarhlutafé í árslok | 1.322.796.624 | 94,55% | 1.322.796.624 |
| Eigin hlutir í árslok | 76.203.376 | 5,45% | 76.203.376 |
| | 1.399.000.000 | 100,00% | 1.399.000.000 |

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

## 13. Eigið fé (framhald)

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2006 | 1.323.296.624 | 350.000.000 | 1.189.613.294 | 2.862.909.918 |
| Upptaka alþjóðlegra staðla | | | (105.236.190) | (105.236.190) |
| Leiðrétt eigið fé 1.1.2006 | 1.323.296.624 | 350.000.000 | 1.084.377.104 | 2.757.673.728 |
| Greiddur arður | | | (950.000.000) | (950.000.000) |
| Yfirfært vegna skiptingar | (500.000) | | 195.737.106 | 195.237.106 |
| Hagnaður ársins 2006 | | | 563.733.562 | 563.733.562 |
| Eigið fé 31.12.2006 | 1.322.796.624 | 350.000.000 | 893.847.772 | 2.566.644.396 |
| Hagnaður ársins 2007 | | | 410.440.644 | 410.440.644 |
| Eigið fé 31.12.2007 | 1.322.796.624 | 350.000.000 | 1.304.288.416 | 2.977.085.040 |

**Eigið fé minnihlutaeigenda**

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 19.733.778 | 5.805.000 |
| Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum | 46.706.774 | 0 |
| Hlutdeild á hagnaði árins | 19.010.691 | 13.928.778 |
| | 85.451.243 | 19.733.778 |

## 14. Langtímaskuldir

| | Aðrar langtímaskuldir | | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2007 | 31.12.2006 | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
| Skuldir í EUR | 0 | 0 | 5.190.083 | 10.768.206 |
| Skuldir í GBP | 0 | 0 | 318.476 | 1.043.802 |
| Skuldir í USD | 0 | 0 | 1.737.642 | 3.879.093 |
| Skuldir í ISK | 1.865.401.589 | 1.762.135.922 | 177.230.811 | 45.621.560 |
| | 1.865.401.589 | 1.762.135.922 | 184.477.012 | 61.312.661 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (1.865.401.589) | 0 | (30.705.942) | (19.676.873) |
| Langtímaskuldir í árslok | 0 | 1.762.135.922 | 153.771.070 | 41.635.788 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Aðrar langtímaskuldir | Skuldir við lánastofnanir | Samtals |
|---|---|---|---|
| Afborganir 2008 | 1.865.401.589 | 30.705.942 | 1.896.107.531 |
| Afborganir 2009 | 0 | 33.309.728 | 33.309.728 |
| Afborganir 2010 | 0 | 18.187.426 | 18.187.426 |
| Afborganir 2011 | 0 | 16.642.470 | 16.642.470 |
| Afborganir 2012 | 0 | 13.536.209 | 13.536.209 |
| Afborganir síðar | 0 | 72.095.237 | 72.095.237 |
| | 1.865.401.589 | 184.477.012 | 2.049.878.601 |

## 15. Fjármögnunarleigusamningar

| | Ógjaldfallnar leigugreiðslur | | Núvirtar eftirstöðvar | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2007 | 31.12.2006 | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
| Greiðslur á næsta reikningsári | 56.085.826 | 0 | 48.210.475 | 0 |
| Greiðslur á öðru reikningsári og síðar | 182.023.166 | 0 | 161.460.075 | 0 |
| | 238.108.992 | 0 | 209.670.550 | 0 |
| Framtíðar vaxtagjöld | (28.438.442) | 0 | | |
| Núvirtar eftirstöðvar | 209.670.550 | 0 | | |

## 16. Lífeyrisskuldbinding

Á samstæðunni hvílir skuldbinding vegna eftirlauna. Skuldbindingin nemur 32,4 millj. kr. samkvæmt tryggingafræðilegu mati og miðast útreikningurinn við 3% ávöxtun umfram launahækkanir. Lækkun skuldbindingarinnar á tímabilinu 7.548 þús.kr. er færð til tekna í rekstrarreikningi meðal launa og tengdra gjalda.

## 17. Frestaður skattur

| | Tekjuskatts-skuldbinding |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 555.051.027 |
| Yfirfært vegna kaupa á dótturfélögum | 14.770.773 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2007 | 97.499.498 |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2008 | (24.872.811) |
| Staða í árslok | 642.448.487 |

**Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:**

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 147.884.824 |
| Verkframkvæmdir | 460.701.494 |
| Eignarhlutar í félögum og markaðsverðbréf (niðurfærsla og frestun) | 120.691.303 |
| Aðrir liðir | 9.075.835 |
| Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi | (95.904.969) |
| | 642.448.487 |

## 18. Aðrar skammtímaskuldir

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Skuldir við tengd félög | 370.635.524 | 238.471.987 |
| Aðrar skuldir: virðisaukaskattur, fjármagnstekjusk., launakostnaður o.fl. | 484.833.925 | 673.514.534 |
| | 855.469.449 | 911.986.521 |

## 18. Aðrar skammtímaskuldir (framhald)

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 30.705.942 | 19.676.873 |
| Aðrar langtímaskuldir | 1.865.401.589 | 0 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 48.210.475 | 0 |
| | 1.944.318.006 | 19.676.873 |

## 19. Veðsetningar, ábyrgðir og önnur mál

Auk eigin verkábyrgða sem voru að að fjárhæð 1.275 millj. kr. í árslok 2007 hefur samstæðan gert verksamninga og samninga um sölu húsnæðis við ýmsa aðila sem samstæðan er skuldbundin til að ljúka. Samstæðan er í ábyrgðum vegna sölu fasteignaverðbréfa og skuldabréfa sem leiðir af starfsemi hennar. Samstæðan ber ábyrgð á skuldum viðtökufélaganna Blikastaða ehf. og Ármannsfells ehf. í samræmi við 133. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

## 20. Sameignarfélög

Á árinu 2003 stofnaði félagið ósjálfstæðan skattaðila Fosskraft sf. ásamt Hochtief Construction AG og E.Pihl & Sön A.S. - Ístak hf. JV. Eignarhlutur Íslenskra aðalverktaka hf. er 15% og er hlutdeild félagsins í tekjum, gjöldum, eignum og skuldum færð í árshlutareikninginn. Verkefni Fosskrafts JV er að byggja stöðvarhús Kárahnjúkavirkjunar fyrir Landsvirkjun, merkt KAR-15. Upphaf verktíma er 26. ágúst 2003 en verkinu lýkur á árinu 2008.

## 21. Dótturfélög

Samstæða Íslenkra aðalverktaka hf. samanstendur af móðurfélaginu Íslenskum aðalverktökum hf. og dótturfélaginu Nýafli ehf (100%). Innan samstæðunnar eru einnig dótturfélög Nýafls ehf., Eignarhaldsfélagið Nesprýði ehf. (51%), Nesprýði ehf. (51%), ÍAV-þjónusta ehf. (78,5%) og Skólar ehf. (78,5%). Innan samstæðunnar eru einnig fleiri félög sem hafa óveruleg áhrif á afkomu og eigið fé samstæðunnar.

## 22. Skýring vegna innleiðingar IFRS

Þetta er fyrsta árið sem félagið færir reikningskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Í samræmi við fyrirmæli IFRS 1 þá er hér að neðan skýring vegna innleiðingar IFRS. Síðustu reikningsskil félagsins sem voru gerð í samræmi við íslensk ársreikningalög voru fyrir árið 2006. Upptökudagur (transition date) miðast við 1. janúar 2006.

Áhrif upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla á reikningsskil samstæðunnar eru þau að yfirverð sem myndaðist við kaup félagsins á félögum á árinu 1999 sem sameinuðust móðurfélaginu í ársbyrjun 2000, stenst ekki virðisrýrnunarpróf og eru því eftirstöðvar yfirverðsins í árslok 2005 færðar til lækkunar á eigin fé sbr. eiginfjáryfirlit á bls. 6 í árshlutareikningnum. Yfirverðið var áður afskrifað í reikningsskilum félagsins og er afskrift yfirverðsins í rekstarreikningi ársins 2006 bakfærð. Tekjuskattsáhrif eru engin þar sem yfirverðið var ekki meðhöndlað í reikningsskilum félagsins sem skattaleg stærð.

## 22. Skýring vegna innleiðingar IFRS (framhald)

Áhrif innleiðingar IFRS á eigið fé félagsins á upptökudegi, 1.1.2006 (í þús. króna)

| | Fyrri reikningsskil | upptöku IFRS | IFRS |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og byggingarlönd | 2.966.895 | 0 | 2.966.895 |
| Óefnislegar eignir | 105.236 | (105.236) | 0 |
| Áhættufé og langtímakröfur | 20.073 | 0 | 20.073 |
| | 3.092.204 | (105.236) | 2.986.968 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir og byggingarframkvæmdir | 1.521.416 | 0 | 1.521.416 |
| Viðskiptakröfur og kaupsamningar | 3.328.616 | 0 | 3.328.616 |
| Aðrar skammtímakröfur | 75.374 | 0 | 75.374 |
| Markaðsverðbréf | 440.056 | 0 | 440.056 |
| Handbært fé | 198.148 | 0 | 198.148 |
| | 5.563.610 | 0 | 5.563.610 |
| **Eignir** | 8.655.814 | (105.236) | 8.550.578 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 1.323.297 | 0 | 1.323.297 |
| Lögbundinn varasjóður | 350.000 | 0 | 350.000 |
| Óráðstafað eigið fé | 1.189.613 | (105.236) | 1.084.377 |
| | 2.862.910 | (105.236) | 2.757.674 |
| Hlutdeild minnihluta | 5.805 | | 5.805 |
| | 2.868.715 | (105.236) | 2.763.479 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 55.431 | 0 | 55.431 |
| Aðrar langtímaskuldir | 1.647.617 | 0 | 1.647.617 |
| Lífeyrisskuldbinding | 36.736 | 0 | 36.736 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 475.714 | 0 | 475.714 |
| Viðskiptaskuldir | 870.197 | 0 | 870.197 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 1.339.276 | 0 | 1.339.276 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 87.349 | 0 | 87.349 |
| Óloknar verkframkvæmdir v/kaupsamninga | 355.557 | 0 | 355.557 |
| Byggingarframkvæmdir tilboðsverk | 99.743 | 0 | 99.743 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 819.479 | 0 | 819.479 |
| | 5.787.099 | 0 | 5.787.099 |
| **Eigið fé og skuldir** | 8.655.814 | (105.236) | 8.550.578 |

## 22. Skýring vegna innleiðingar IFRS (framhald)

Áhrif innleiðingar IFRS á eigið fé félagsins 31.12.2006 (í þús. króna)

| | Fyrri reikningsskil | Áhrif upptöku IFRS | IFRS |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og byggingarlönd | 1.281.491 | 0 | 1.281.491 |
| Óefnislegar eignir | 73.880 | (73.880) | 0 |
| Áhættufé og langtímakröfur | 32.056 | 0 | 32.056 |
| | 1.387.427 | (73.880) | 1.313.547 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir og byggingarframkvæmdir | 2.186.189 | 0 | 2.186.189 |
| Viðskiptakröfur og kaupsamningar | 4.519.951 | 0 | 4.519.951 |
| Aðrar skammtímakröfur | 229.925 | 0 | 229.925 |
| Handbært fé | 321.809 | 0 | 321.809 |
| | 7.257.874 | 0 | 7.257.874 |
| **Eignir** | 8.645.301 | (73.880) | 8.571.421 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 1.322.797 | 0 | 1.322.797 |
| Lögbundinn varasjóður | 350.000 | 0 | 350.000 |
| Óráðstafað eigið fé | 967.728 | (73.880) | 893.848 |
| | 2.640.525 | (73.880) | 2.566.645 |
| Hlutdeild minnihluta | 19.734 | | 19.734 |
| | 2.660.259 | (73.880) | 2.586.379 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 41.636 | 0 | 41.636 |
| Aðrar langtímaskuldir | 1.762.136 | 0 | 1.762.136 |
| Lífeyrisskuldbinding | 39.926 | 0 | 39.926 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 555.051 | 0 | 555.051 |
| Viðskiptaskuldir | 984.322 | 0 | 984.322 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 19.677 | 0 | 19.677 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 40.038 | 0 | 40.038 |
| Óloknar verkframkvæmdir v/kaupsamninga | 989.221 | 0 | 989.221 |
| Byggingarframkvæmdir tilboðsverk | 641.049 | 0 | 641.049 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 911.986 | 0 | 911.986 |
| | 5.985.042 | 0 | 5.985.042 |
| **Eigið fé og skuldir** | 8.645.301 | (73.880) | 8.571.421 |

## 22. Skýring vegna innleiðingar IFRS (framhald)

Áhrif innleiðingar IFRS á afkomu félagsins á árinu 2006 (í þús. króna)

| | Fyrri reikningsskil | Áhrif upptöku IFRS | IFRS |
|---|---|---|---|
| Tekjur verkframkvæmda | 13.353.296 | 0 | 13.353.296 |
| Kostnaður verkframkvæmda | (11.692.869) | 0 | (11.692.869) |
| Annar rekstrarkostnaður | (483.387) | 0 | (483.387) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) | 1.177.040 | 0 | 1.177.040 |
| Afskriftir | (273.905) | 31.356 | (242.549) |
| Rekstrarhagnaður | 903.135 | 31.356 | 934.491 |
| Fjármunatekjur | 220.593 | 0 | 220.593 |
| Fjármagnsgjöld | (453.001) | 0 | (453.001) |
| Hagnaður fyrir skatta | 670.727 | 31.356 | 702.083 |
| Tekjuskattur | (124.421) | 0 | (124.421) |
| Hagnaður ársins | 546.306 | 31.356 | 577.662 |

## 23. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 31. mars 2008.

## 24. Kennitölur

| Úr rekstrarreikningi | 2007 | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Arðsemi** | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 1.071.109 | 1.177.040 | 1.258.502 |
| a) Framlegðarhlutfall rekstrar | 6,87% | 8,81% | 11,99% |
| b) Hagnaðarhlutfall | 2,75% | 4,33% | 6,94% |
| c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS) | 0,32 | 0,44 | 0,55 |
| d) Arðsemi eigin fjár | 15,2% | 21,2% | 24,6% |

a) EBITDA/rekstrartekjur
b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS)
d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár

| Úr efnahagsreikningi | 31.12.2007 | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|---|
| **Nýting fjármagns** | | | |
| e) Fjárbinding í birgðum | 0,17 | 0,16 | 0,14 |
| f) Veltuhraði eigna | 1,72 | 1,56 | 1,22 |
| g) Veltuhraði birgða | 5,67 | 6,31 | 5,98 |
| h) Veltuhraði viðskiptakrafna | 3,60 | 3,40 | 3,72 |

Birgðir/rekstrartekjur
f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna
g) Verkkostnaður/meðalstaða birgða
h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna

## 24. Kennitölur (framhald)

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Greiðsluhæfi** | | | |
| i) Lausafjárhlutfall | 0,88 | 1,41 | 1,13 |
| j) Veltufjárhlutfall | 1,37 | 2,02 | 1,56 |

i) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjárhagslegur styrkur** | | | |
| k) Eiginfjárhlutfall | 32% | 30% | 33% |
| l) Innra virði hlutafjár | 2,32 | 1,96 | 2,16 |

k) Eigið fé/heildarfjármagn l) Eigið fé/hlutafé

## 25. Sjóðstreymisyfirlit (í þús. kr.)

| | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður ársins | 429.451 | 577.662 | 728.706 | 351.619 | 662.195 |
| Afskriftir | 323.594 | 242.549 | 278.940 | 275.954 | 317.163 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir | 124.664 | 46.728 | 118.465 | 59.308 | 27.606 |
| Aðrar breytingar | 28.687 | 41.358 | 73.406 | (119.896) | (499.447) |
| **Veltufé frá rekstri** | 906.396 | 908.297 | 1.199.517 | 566.985 | 507.517 |
| Breyting á: | | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | 68.109 | (1.815.166) | (1.132.806) | (147.497) | 1.528.916 |
| Rekstrartengdum skuldum | (203.649) | 1.395.900 | 479.566 | 645.421 | (194.614) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 770.856 | 489.032 | 546.277 | 1.064.909 | 1.841.819 |